

FRÍSTUNDAKORT - REGLUR OG SKILYRÐI

1. gr.

Markmið og tilgangur Frístundakortsins

Meginmarkmið Frístundakortsins er að öll börn, 6-18 ára, í Reykjavík geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.

Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika íþrótta-, lista- og tómsundastarfs.

Með Frístundakortinu er leitast við að styrkja félagslegt umhverfi og hafa jákvæð áhrif á þroska barna og unglinga.

2. gr.

Almennt um frístundakortið og úthlutunarreglur

Frístundakortinu er úthlutað til barns í formi styrks frá Reykjavíkurborg sem foreldri/ forráðamenn ráðstafa í þágu þess til aðila er standa fyrir skipulögðu frístundastarfi og falla undir reglur þessar um að vera styrkhæfir.

Með Frístundakortinu má greiða að fullu, eða hluta til, fyrir íþrótta-, lista- og tómsundastarfsemi á vegum félaga og samtaka sem starfa í Reykjavík og nágrennasveitarfélögum.

Frístundakortið veitir foreldrum/forráðamönnum barna rétt til að ráðstafa tilgreindri upphæð á ári fyrir hvert barn.

Árinu er skipt í þrjú tímabil sem gerð eru upp hvert fyrir sig. Upphaf hvers tímabils miðast við 1. janúar, 1. júní og 1. september ár hvert. Ráðstafa má styrknum til fleiri en einnar greinar á hverju tímabili.

Eftirstöðvar Frístundakortsins færast á milli tímabila innan ársins en ekki er hægt að færa eftirstöðvar þess milli ára.

Félögum með aðild að Frístundakortinu er heimilt að ákvarða hve lengi á hverju tímabili foreldrar/forráðamenn geti ráðstafað styrk til þeirra.

Styrkur getur aldrei orðið hærri en þátttöku- eða æfingagjald skipulegs frístundastarfs sem um ræðir. Þá er ekki heimilt að nýta Frístundakortið til að greiða sérstakan viðbótarkostnað svo sem vegna tækja og búnaðar, fatnaðar, ferðakostnaðar.

3. gr.

Skilyrði fyrir veitingu styrks til styrkþega

- Styrkþegi eigi lögheimili í Reykjavík og sé á aldrinum 6-18 ára miðað við fæðingarár.
- Ráðstöfun er endanleg. Ekki er hægt að endurgreiða eða bakfæra styrk ef foreldri/ forráðamaður hefur ráðstafað styrk til félags á grundvelli Frístundakortsins.

- c) Börn sem flytja til borgarinnar njóta Frístundakortsins óskerts.
- d) Ráðstöfunarréttur fellur niður flytji barn frá Reykjavík.

4. gr.

Skilyrði er varða skipulegt frístundastarf og styrkhæfni aðila

Velferð og hagur barna skal hafður að leiðarljósi í öllu starfi og í samræmi við ákvæði laga og reglugerða er varða börn. Starfsemi aðila og hið skipulega frístundastarf, þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að teljast styrkhæf:

- a) Sá aðili sem sinnir hinu skipulega frístundastarfi hafi lögheimili í Reykjavík, hafi gert samning um Frístundakortið við Íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkurborgar (ÍTR) og uppfylli reglur um styrkhæfni að öðru leyti. Á sama hátt geta aðilar sem sinna skipulögðu frístundastarfi í nágrennasveitarfélögunum gert samning um frístundakortið, að uppfylltum skilyrðum um styrkhæfni.
- b) Hið skipulega starf nái yfir a.m.k. 10 vikur.
- c) Dæmi um starfsemi sem telst styrkhæf er starfsemi á vegum íþrótt- og æskulýðsfélaga, nám við tónlistarskóla, dansskóla, myndlistarskóla, frístundaheimili á vegum Reykjavíkurborgar og skólahljómsveita. Dæmi um starfsemi sem ekki telst styrkhæf er starfsemi trúfélaga og annarra lífsskoðunarfélaga (svo sem fermingarfræðsla) og stjórnmalasamtaka. Þá er nám sem er lánshæft skv. úthlutunarreglum LÍN ekki styrkhæft. Íþrótt- og tómsundasvið leysir úr um hvort einstakir aðilar uppfylli kröfur reglna þessa til að teljast styrkhæfir, og ber sína tillögu undir samþykki Íþrótt- og tómsundaráðs ef vafi leikur á.
- d) Styrk má veita til kaupa á 3 til 12 mánaða kortum á líkamsræktarstöðvum til ungmenna 17 og 18 ára að aldri m.v. fæðingarár, og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um fræðslu til iðkenda og utanumhald. Skipulögð námskeið innan líkamsræktarstöðva, sem uppfylla skilyrði reglna þessara falla undir styrkinn.
- e) Ekki eru veittir styrkir vegna hefðbundinna sumarnámskeiða sem ná ekki 10 vikna lengd nema sérstök og málefnaleg sjónarmið eigi við. Íþrótt- og tómsundasvið metur hvort veita eigi undanþágu hverju sinni.
- f) Hið skipulega starf skal innt af hendi undir leiðsögn viðurkenndra þjálfara eða leiðbeinenda. Börn undir 18 ára aldri skulu ekki starfa við þjálfun eða leiðbeinendastörf í barnastarfi eins síns liðs. Aðalþjálfari og leiðbeinandi getur þó haft einstaklinga undir 18 ára aldri sér til aðstoðar.
- g) Aðild að Frístundakortinu má ekki verða til þess að gjaldskrár aðila hækki óeðlilega milli ára.

5. gr.

Skráning aðila í frístundakortskerfið

Aðilar sem uppfylla reglur þessar um styrkhæfni geta sótt um samstarfssamning á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Íþrótt- og tómsundasvið metur hverja umsókn og veitir aðilum sem uppfylla skilyrði, aðgang að rafrænu umsýslukerfi Frístundakortsins, og gerir samning við viðkomandi.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í umsókn:

- a) Nafn, kennitala, símanúmer, netfang og heimasíða aðila nafn, kennitala símanúmer og netfang tengiliðs vegna umsóknar.
- b) Tegund starfsemi og starfssvæði félags.
- c) Starfsskrá og gjaldskrá.
- d) Upplýsingar um aðstöðu og leiðbeinendur.
- e) Allar gjaldskrár og viðbótarkostnaður sem fylgir þátttöku og iðkun á tímabilinu skal liggja fyrir.

Aðilar fá greitt sérstakt umsýslugjald vegna skráningar hvers einstaklings í frístundakortskerfið. Uppgjör vegna þessa er tvisvar á ári.

6. gr. Uppgjör og skil aðila á gögnum

ÍTR, fer með styrkuppgjör af hálfu Reykjavíkurborgar. Styrkuppgjör til aðila er í fyrstu viku hvers mánaðar og fer uppgjör fram með rafrænum hætti.

Starfsáætlun og gjaldskrár vegna komandi starfsárs þarf að skila í byrjun ágúst ár hvert hefjist námskeið að hausti og í byrjun maí ár hvert hefjist námskeið að vori.

Aðilum að Frístundakortinu ber að skrá alla þátttakendur á hverju tímabili í frístundakortskerfið, hvort sem þeir nýta styrkinn hjá viðkomandi aðila eða ekki.

Reglur þessar verða endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir.
Brot á reglum og skilyrðum Frístundakortsins geta leitt til samningsslita.

Samþykkt á fundi Íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkur 10. janúar 2014